

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Macbook

169.900 kr.

6
MÁNADA
VAXTALAUST
LÁN

Örgjörvi: Intel Core 2Duo **Harður diskur:** 250GB Serial SATA 5400 rpm **Skjár:** 13,3" LED breiðtjaldsskjár
Skjákort: NVIDIA GeForce 320M, 256 MB af DDR3 SDRAM **Vinnsluminni:** 2 GB (2 x 1 GB)
Ábyrgð: 2ja ára neytendaábyrgð.

FERMINGAR VEISLA OK BÚÐARINNAR



HP Mini 210
79.900 kr.

6
MÁNADA
VAXTALAUST
LÁN

Örgjörvi: Intel® Atom™ Processor N450
Harður diskur: 250GB 7200 rpm
Skjár: 10,1" WSVGA LED (1024 x 600)
Skjástyring: Intel® Graphics Media Accelerator 3150 **Vinnsluminni:** 1 GB
Ábyrgð: 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.



HP dm1
119.000 kr.

6
MÁNADA
VAXTALAUST
LÁN

Örgjörvi: AMD Athlon II Neo K125
Harður diskur: 250GB SATA 7200 rpm
Skjár: 11,1" HD HP LED BV
Skjástyring: ATI Mobility Radeon™ HD 4225 **Vinnsluminni:** 2 GB DDR3
Ábyrgð: 3ja ára ábyrgð. 1 ár á rafhlöðu.



Ipod Nano 8 GB
35.900 kr.



**Flip MinoHD
upptökuvél**
34.900 kr.



**Samsung ST70
myndavél**
27.900 kr.



Tölvumýs
frá: 2.990 kr.



Minnislyklar
frá: 2.290 kr.

* Skv. Gartner

hp - MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

start
TÖLVUVERSLUN

RS

omniS

et Eignatölvur ehf.
Verzlun og tölvuþjónusta


OK
búðin

Ok búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 570 1140 | www.okbudin.is

Monitor fagnar um þessar mundir 1 árs afmæli í núverandi mynd.

PAIN

Fullt nafn: Daniel Þórðarson.
Betur þekktur sem: Pretty Boy.
Aldur: 30 ára.
Hæð: 174 sentimetrar. **Þyngd:** 72 kg.
Mottó: It is better to attempt great things and fall short than it is to conquer something you've always known you can beat.



BRAIN

Fullt nafn: Björn Jónsson.
Betur þekktur sem: Left Rook.
Aldur: 43 ára.
Hæð: 185
Þyngd: 86
Mottó: Að lifa lífinu lífandi.



Þurfa rothögg eða mát til að sigra

DANNI OG BJÓSSI SÝNA RAGGA ENGA MISKUNN

Mynd/Sigurgeir

Tveir starfsmenn CCP keppa í skákboxi um helgina á **Eve Fanfest 2011.**

Um helgina verður haldin hin árlega Eve Fanfest-hátíð í Laugardalshöllinni. Enginn áhugamaður um íþróttir má missa af stórmerkilegum viðburði í íslensku íþróttasögu þar sem tveir starfsmenn fyrirtækisins CCP sem heldur hátíðina keppa í svokölluðu skákboxi. „Þetta byrjaði sem eitthvað vinnustaðagrín,“ segir Ragnar Ágúst Eðvaldsson, einn af starfsmönnum CCP. „Svo fannst okkur hugmyndin svo góð að við urðum bara að framkvæma hana,“ útskýrir Ragnar sem er spenntur fyrir keppninni sem verður væntanlega æsispennandi. „Markmiðið með þessu er auðvitað skemmtun en Danni og Bjóssi eru að gera þetta

af fullri alvöru svo það má búast við hörkubardaga og skemmtilegri skák.“

Brain vs. Pain

Keppendur eru þeir Daniel Þórðarson og Björn Jónsson sem hafa hvorugir keppt áður í greininni. Daniel er þó fyrrum Íslandsmeistari í boxi og Björn er með 2.035 elo stig í skák sem þykir mjög gott. Búist er við hörkukeppni enda ómögulegt að segja til um hvor þeirra muni fara með sigur af hólmi. „Ég er búinn að vera í einkaþjálfun hjá Hnefaleikafélagi Íslands í mánuð fyrir þetta og er töluvert þyngri en Danni,“ segir Björn sem á þó meiri

möguleika á að máta Daniel en að rota hann. „Ætli maður verði ekki að pakka bara í vörn og reyna að sigra skákina sem fyrst,“ segir hann og bendir á að Daniel hafi litla sem enga reynslu í skákinni. Daniel hefur litlar áhyggjur af taflinu og hyggst reyna rothögg í fyrstu lotu. „Ég reyni að tefla bara eins hægt og ég get og taka hann svo út í boxinu,“ segir Daniel spenntur fyrir bardaganum sem hefst kl. 20 föstudaginn 25. mars í Laugardalshöllinni. Fyrir keppnina og meðan á henni stendur fer fram áheitasöfnun til styrktar Sjónarhóli, samtaka fyrir langveik og fötlud börn. Frítt er þó inn á bardagan sjálfan.

HVAÐ ER SKÁKBOX?

Í chessboxing eða skákboxi sem er upprunalega frá Rússlandi er keppt í skák og boxi á víxl. Hvor keppandi hefur 12 mínútur á skákklukkunni.

1. lota: Skák í 4 mínútur.
2. lota: Box í 3 mínútur.
3. lota: Hvíld í 1 mínútu.
4. lota: Skák í 4 mínútur.
5. lota: Box í 3 mínútur.
6. lota: Hvíld í 1 mínútu.

Svona heldur þetta áfram þar til annar vinnur í skákinni eða boxinu.

Feitast í blaðinu

Stefán Karl ræðir við Monitor um lífið í Ameríku, Latabæ, bransann og Kurteist fólk. >>>4

Undanúrslit Gettu betur eru um helgina. Lið MH og MR spjalla við Monitor. >>>6

Gisli Örn í viðtali. Ætlaði að stofna frítt tímarit í anda Monitor en datt inn í leiklist. >>>12

Stíllinn tekur út tiskuslys og fellar um Hönnunar-Mars >>>18

Emmsjé Gauti filar kvikmyndina Cool As Ice með kollega sínum í aðalhlutverki. >>>22

Efst í huga Monitor

Monitor er eins árs!

Það var árið 2007 sem götutímaritið Monitor kom út í fyrsta skipti en þá var blaðið með öðru sniði og kom út mánaðarlega. Í fyrra var ákveðið að gefa blaðið út vikulega og tók Árvakur yfir útgáfu þess. Fyrsta tölublaðið kom út þann 25. mars 2010 og því er blaðið sem þú, kærri lesandi, hefur í höndunum sannkallað afmælisblað.

Fyrsta árið hefur gengið framur vonum og Monitor hefur náð að festa sig í sessi sem eitt vinsælasta tímarit landsins. Markmiðið var að setja allt í botn sem tókst svo sannarlega. Mikil og skemmtileg vinna liggur að baki blaðinu sem hefur fengið góðar móttökur og er fyrsta árið aðeins forsmekkur að því sem koma skal.

Lesendur Monitor eiga einna stærstan þátt í velgengni blaðsins og hafa tekið blaðinu opnum örmum. Eins og börnum þarf að sýna Monitor

umhyggju og það vita lesendur blaðsins. Börn þarf þó einnig að beita aga og þar eru lesendur ekki síður mikilvægir í gagnrýni sinni. Án þeirra væri Monitor eins og vanrækt barn.



Með stolti kynnr afmælisbarnið Monitor fyrsta afmælisblaðið af mörgum. Gleðilegt nýtt Monitor-ár og takk fyrir það gamla!

Monitor mælir með

MALLAKÚTINN Ef skyndibitinn er farinn að segja til sín á vigtinni og sálinni er góð hugmynd að skipta yfir í hollari hádegismat.



Veitingastaðurinn Gló í Lifthúsinu Laugardal býður upp á svakalega hollan mat sem bragðast líka vel. Grænn djús, hráfæði, salöt, sushi og ýmislegt fleira er á boðstólum hjá Sollu Grænu.

SPILARANN Núna er tíminn. Taktu fram allar uppáhaldsplötur þínar og rifjaðu upp gömul og góð lög. Allir hafa gott af smá nostalgíu til að lífga upp á hversdagsleikann. Góð

blanda af **Bitlunum**, **AC/DC**, **Nirvana** og eiturnettum 90's smellum ætti að fá hvern sem er til að glotta í kampinn og hugsa um góðar stundir.

FYRIR LISTAMENN Hitt húsið og **Leynileikhúsið** standa fyrir spennandi hönnunarnámskeiði þar sem farið verður yfir grunnatriði í tískuteikningu og götulist. Harpa Einars sér um námskeiðið sem hefst miðvikudaginn 30. mars og stendur yfir í 10 vikur. Skráning fer fram hjá Hinu húsinu.



Vikan á...

facebook

Gunnar í Krossinum Góðum degi tekið að halla. Ég hef víða farið í dag og ekki mætt öðru en brosum, uppörfun og kærleika. eru Íslendingar betri en annað fólk?
23. mars kl. 18:28

Haffi Haff Knock knock!
23. mars kl. 16:44

Jónína Ben Sundlaugin mín er besti geðlæknir sem að völ er á. Hún tengir mig vel við markmið mín, óskir í lífinu og léttir mér lund. Besta sundlaug í heimi, Sundlaug Vesturbæjar. Takk fyrir að hún fær að vera í friði fyrir ofstopa þeim sem tröllreið samfélaginu um að öllu þyrfti að breyta.
23. mars kl. 13:15

Óli Geir Hvernig bíl á ég að kaupa?
21. mars kl. 19:18

Vala Grand Ok...nyjasta Strange pick up lína Dauðans sem ég hef heyrt in my lifeit goes like this...HEY BABY DID YOU FART ? COZ YOU BLEW ME AWAY ? HAHHAHA FUCKT UP RIGHT ?
21. mars kl. 12:22

Enginn dagur eins

Stefán Karl vinnur eins og lúsiðin býfluga í Los Angeles og virðist stefna á toppinn. **Monitor** ræddi við hann um Ameríkuna, Latabæ, bransann og Kurteist fólk.

„Það er 17 stiga hiti hérna núna, sem sagt frekar kalt,“ sagði Stefán Karl Stefánsson, leikari, þegar Monitor hringdi í hann til að spjalla um allt og ekkert. Hann hefur búið í Los Angeles ásamt eiginkonu sinni, Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur, í rúm sex ár. „Þetta er orðið okkar heimili,“ segir Stefán sem á með Steinunni fjögur börn svo það er nóg að gera á heimilinu. „Dagarnir eru mjög misjafnir og sem betur fer er enginn þeirra eins,“ segir hann en bendir á að dagarnir byrji og endi eins. „Ég byrja hvern dag á að rífa alla fram úr rúminu og koma genginu í skólann. Á hverju kvöldi sofna ég,“ útskýrir Stefán sem hefur í nógu að snúast.

Stórt verkefni á teikniborðinu

„Við Steinunn eigum okkar eigið fyrirtæki hérna úti ásamt fullt af öðru fólki. Við vinnum að framleiðslu á ýmsum sviðum,“ segir Stefán hæstánægður með fjölbreytnina sem fylgir starfinu. „Ég funda heilmikið, fer í prufur og plana næstu verkefni,“ segir hann og bendir á að í Bandaríkjunum taki allt lengri tíma en heima á Íslandi. „Þegar maður tekur að sér verkefni í þessum hluta heimsins tekur það marga mánuði í undirbúningi. Þetta er ekki eins og heima þar sem allt er tiltölulega auðvelt í framkvæmd.“

Stefán getur þó ekki sagt ítarlega frá neinum verkefnum eins og stendur. „Þegar maður er að vinna og þróa verkefni með öðrum fyrirtækjum skrifar maður undir algjöran trúnað. Það er gert vegna þess að samkeppnin á markaðnum er gríðarlega mikil,“ útskýrir Stefán sem segir þetta hafa verið þínulítið erfitt fyrir Íslending að venjast. „Komandi frá Íslandi þar sem maður segir fólki frá því sem er að gerast í lífi manns er þetta þínu skritið en ég skil þetta þegar ég lít á stóra samhengið,“ segir hann og viðurkennir að á teikniborðinu sé eitt mjög stórt verkefni. „Það eru 6-9 mánuðir og nokkrar skrifstofuhæðir þar til ég get tjáð mig meira um það,“ útskýrir Stefán sem gefur ekkert meira upp um verkefnið. „Það borgar sig ekki að tala um hlutina fyrir en þeir eru orðnir skotheldir.“

Svartur húmor og spilling

Stefán leikur aðalhlutverkið í nýrri íslenski kvikmynd sem ber nafnið Kurteist fólk. „Þetta er gamanmynd með raunverulegu ívafi sem er byggð lauslega á sönnum atburðum,“ útskýrir Stefán sem er virkilega ánægður með útkomuna. „Myndin fjallar um raunveruleika sem við öll þekkjum og mér finnst Ólafi leikstjóra hafa tekist frábærlega vel að lýsa íslenskum smáplássum á húmorískan hátt,“ segir hann og bætir við að húmorinn í myndinni sé oft og tíðum mjög svartur.

„Þetta er svolítið háð á alla spillinguna og tengist mikið því sem hefur verið að gerast á Íslandi undanfarin ár,“ segir Stefán sem leikur frekar hlutlausan karakter í Kurteisu fólki. „Hann er mjög alvarlegur,“ útskýrir Stefán sem hefur verið þekktur fyrir grín og glens í gegnum tíðina. „Fólk

LÍKT VIÐ JIM CARREY

„Jim Carrey er náttúrulega Stefán Karl Ameríku,“ segir Stefán í gríni en honum hefur oft verið líkt við bandaríska grinleikarann Jim Carrey. „Á Íslandi þykir svona samlíking voða hallærisleg en ég skil svo sem af hverju Bandaríkjamenn tala alltaf um þetta við mig í viðtölum,“ segir hann og bendir á þörf Bandaríkjamanna fyrir að flokka fólk. „Þeir þurfa að setja mann í hólf og líkja manni við einhvern annars ná þeir ekki utan um þetta,“ segir Stefán sem er ánægður með samlíkinguna enda sé Jim Carrey einn af hans uppáhaldsleikurum.



hefur ekki séð mig leika svona áður, ég er ekki einu sinni með grettur í myndinni,“ segir Stefán sem var rosalega ánægður með samleikara sína í myndinni og þá sérstaklega Eggert Þorleifsson sem fer með hlutverk bæjarstjórans. „Stundum ætlaði ég varla að geta leikið á móti honum því ég hló svo mikið,“ segir Stefán og bætir við að honum hafi fundist virkilega gaman að koma til Íslands og vinna.

„Mér finnst algjörlega frábært að koma til Íslands að vinna,“ segir Stefán sem hefur unnið að mestu leyti í Bandaríkjunum undanfarin ár. Hann segir muninn í kvikmyndabransanum meiri en í leikhúsunum milli heimsálfanna. „Leikhús er alþjóðlegur vinnustaður. Leikarar, leikstjórar, ljósamenn og sviðstjórar eru eins alls staðar,“ útskýrir Stefán. „Það liggur við að þessir ættbálkar eigi sömu áhugamál,“ segir hann og bendir á að helsti munurinn felist í stéttarfélögum á Íslandi og úti.

Hárkollan stórt vandamál

„Þegar ég mæti til dæmis á sýningu fyrir Grinch get ég ekki farið í búninginn minn og úr honum nema að því komi fjórar deildir og fjögur mismunandi stéttarfélög,“ útskýrir Stefán sem hefur leikið sjálfan Trölla um árabíl í stórri uppþæslu vestanhafs. „Ég fer inn í búningsherbergi og þá taka hljóð- og búningadeild á móti mér. Það þarf að þræða hljóðnema inn í búninginn og á mig en búningadeildin má ekki snerta hljóðnema og hljóðdeildin ekki búninginn,“ útskýrir hann og bendir á atvik sem átti sér stað í Kanada sem er gott dæmi um vesenið sem getur fylgt stéttarfélagunum.

„Við vorum að fara að skemmta í beinni fyrir NBC-sjónvarpsstöðina og gleymdum hárkollunni minni í leikhúsinu,“ segir Stefán. „Ein úr hárkolludeildinni þurfti þá að fara í leikhúsið, opna það, kveikja ljósin og ná í hárkolluna,“ útskýrir hann og segir að einfalt atvik sem þetta hafi orðið að stóru máli. „Eftir þetta var hún kærð því ljósadeildin á að sjá um að kveikja ljósin í leikhúsinu. Sektin hljóðaði upp á fimmþúsund dollara,“ segir Stefán sem er orðinn öllu vanur



eftir nokkur ár í bransanum þarna úti.

„Fyrst fannst mér svona lagað skritið en núna kippi ég mér ekki upp við þetta. Yfirleitt gengur allt líka eins og smurð vél,“ segir Stefán sem er orðinn mjög heimakær í Los Angeles þó heimþráin segi vissulega stundum til sín.

Saknar helst sveitarinnar

„Ég fæ miklu oftar heimþrá en konan, hún hefur ekki komið til Íslands í rúm fjögur ár,“ útskýrir Stefán sem segir heimþrána þó hafa aukist til muna í upptökunum á Kurteisu fólki í Búðardal. „Ég saknaði Íslands eiginlega ekkert fyrir en eftir að ég var í Búðardal,“ segir Stefán sem naut sín í sveitinni. „Þar var allt svo tært. Að sitja á veröndinni, borða kleinur og hlusta á lóna syngja eru hlutir sem maður fær ekki hérna úti þó hér sé allt stútfullt af fallegri náttúru,“ segir Stefán sem kann vel við sig í Los Angeles og virðist stefna á toppinn. „Við erum ekkert á leiðinni heim á næstunni.“

LATABÆJARÆVINTÝRIÐ

Stefán Karl sló eftirminnlega í gegn sem Glanni glæpur og seinna Robbie Rotten í Latabæ. „Ég segi það í hreinskilni að ég verð aldrei þreyttur á að leika Glanna. Hann er karakter sem ég skapaði frá grunni og á þó ég eigi hann kannski ekki á pappírnum,“ segir Stefán sem lék Glanna fyrst í Þjóðleikhúsinu og síðan í 60 sjónvarpsþáttum. „Hann er hluti af mér,“ segir Stefán og þakkar velgengni sína að mörgu leyti Latabæjarævintýrinu. „Þetta var frábær tími og þættirnir vöktu heimsathygli á mér og því sem ég hef fram að færa,“ segir Stefán en þættirnir voru sýndir í 140 löndum þegar mest var. „Ég finn þetta mjög sterkt hvar sem ég kem,“ segir Stefán. „Allir sem eiga börn þekkjá Latabæ.“



**Á 60 SEKÚNDUM**

Fyrstu sex: 100775.

Hæð: 189 sentimetrar.

Besta hlutverk: Glanni glæpur og Frans í Krákunni sem ég lék í Nemendaleikhúsinu.

Helsti kostur: Jafnaðargeð.

Versti galli: Einbeitingarleysi á það sem ég hef ekki áhuga á.

Fyrirmynd í lífinu: Margrét Blöndal heitin.

Miðgarðsorminn hungrar í úrslit

**SNÆBJÖRN GAUTI
SNÆBJÖRNSSON**
Fæðingardagur: 5.8.'91
Sérþekkingarsvið: Útgáfusaga Ornette Colemans.

Hvernig er að vera eini strákurinn í MH-liðinu? Það kemur skemmtilega á óvart hvað það er fint.

Hvað heldurðu að þú sért með í greindarvísitölu? Ég vona að ég sé yfir meðallagi en ég hef svo sem aldrei tekið þannig próf.

Fylgir því kvenhylli að keppa í Gettu betur? Ólýsanlega mikil. Þot á Facebook eru orðin daglegt brauð og maður getur varla látið sjá sig í bænum lengur.

Hver er draumaspyrillinn þinn í Gettu betur? Ég er mjög ánægður með hana Eddu, hún er líklega draumaspyrillinn.

AUÐUR TINNA AÐALBJARNARDÓTTIR
Fæðingardagur: 3.7.'92. Sérþekkingarsvið: Ævi Leníns.

Hver er uppáhaldsspurningin þín sem liðið hefur fengið í keppninni? Við fengum spurningu í síðustu keppni um Móses. Ég fattaði ekki þá hvers vegna fólk hló svona mikið að okkur en þegar ég sá þetta í sjónvarpinu sá ég að við Elín vorum að gera nákvæmlega sömu asnalegu handahreyfingarnar.

Ef þú mættir velja hvaða stað sem er í heiminum sem keppnisstað næstu viðureignar, hver væri sá staður? Ég myndi velja Norðurkjallara í MH af því að það er alltaf svo góð stemning þar.

Hver er lykillinn að velgengi í Gettu betur? Læra, éta, sofa, endurtaka.

Sveit MH í Gettu betur í ár tryggði sér sæti í undanúrslitum með sannfærandi sigri, 28-19, gegn Verzló og er að sögn liðsmanna „extra góð stemning“ fyrir keppninni í ár. „Fólk berst alveg um miðana og kennarar öskra á okkur á göngunum „þið verðið að vinna þetta!“ segir Auður Tinna, miðjumaður liðsins. „Það hefur verið til síðs að Miðgarðsormurinn í MH sé tekinn með komist liðið í úrslit,“ segir hún og bætir við að nú hungri orminn í úrslit. Auður segist hafa verið meðvituð um það öll sín þrjú ár að stelpa hafi aldrei unnið Gettu betur en segir þær kynsystur í liði MH alls ekki of uppteknar af því.

Þegar Elín Elísabet var í 10. bekk stundaði hún einnig nám við Menntaskólann í Borgarnesi og keppti fyrir hönd skólans í Gettu betur. Þar mætti hún liði MH og má spyrja sig hvort hún hafi verið keypt yfir í kjölfarið!

**ELÍN ELÍSBET
EINARSDÓTTIR**
Fæðingardagur: 10.12.'92
Sérþekkingarsvið: Varplendi brandandar í Borgarfirði.

Hvort er ánægjulegra að keppa fyrir MB eða MH í Gettu betur? Það hafði sinn sjarma að keppa fyrir MB á fyrsta starfsári skólans. Það er hins vegar líka svolítið gaman að vinna keppnir.

Staðan er 20-20 og keppnin fer í bráðabana. Hver væri draumaspyrningin? Hún myndi klárlega tengjast fuglum á einhvern hátt, eins vandræðalegt og það er nú.

Hver er draumaspyrillinn þinn? Freddie Mercury.

MH – MR

Undanúrslit í Gettu betur

Hlýddi liðsfélaga yfir í miðri keppni

STEFÁN KRISTINSSON
Fæðingardagur: 10.1.'92
Sérþekkingarsvið: Latinubeygingar.

Nú ert þú aldursforseti liðsins. Fylgir því ekki einhver ábyrgð? Að sjálfsögðu gríðarleg ábyrgð. Maður verður að hafa hemil á þessum strákum.

Gefur þátttaka í Gettu betur þér einhver tækifæri í lífinu sem þú annars fengir ekki? Mjög takmörkuð að mínu mati. Eykur hugsanlega líkurnar á að maður verði dómari í Gettu betur einn daginn.

Ef þú mættir velja hvaða stað í heiminum sem keppnisstað næstu viðureignar, hver væri sá staður? Helliririnn, heimavöllur ÍR-inga.

ÓLAFUR HAFSTEIN PJETURSSON
Fæðingardagur: 7.2.'92
Sérþekkingarsvið: Ættfræði.

Fylgja því einhver fríðindi að vera í Gettu betur-liðinu? Já, er það ekki? Pizzumiðar, ókeypis inn á böll Skólafélagsins, frítt í sund, matur á keppnisdag – listinn er ótæmandi.

Ef þú mættir breyta hverju sem er við Gettu betur, hvað væri það? Að hafa hraðaspurningar svona allavega 130 sekúndur.

Staðan er 20-20 gegn MH og keppnin fer í bráðabana. Hver væri draumaspyrningin? Spurning um Aston Villa.

Gettu betur er... vettvangur fyrir athyglissjúka.

Liðsmenn MR í Gettu betur halda úti Twitter-síðu þar sem hægt er að fylgjast með dagsdaglegu lífi strákanna þriggja. Síðin er: <http://twitter.com/gettubeturMR>

**JÓN ÁSKELL
ÞORBJARNARSON**
Fæðingardagur: 28.10.'93
Sérþekkingarsvið: Þvottamerkin.

Hver er uppáhaldsspurningin þín sem liðið hefur fengið í keppninni? Spurningin í síðustu keppni um verga þjóðarhamingju. Ég hef lengi haft áhuga á þessu málefni og var viss um að það kæmi einhvern tímann í keppninni.

Fylgir því kvenhylli að keppa í Gettu betur? Ekki hingað til.

Hver er draumaspyrillinn þinn í Gettu betur? Morgan Freeman.

Hver er lykillinn að velgengi í Gettu betur? Leikgleði.

Ríkjandi meistara í Gettu betur, MR, tryggðu sér sæti í undanúrslitum er þeir lögðu FSu að velli, 32-14.

„Þetta var bara svona ‚in the moment‘,“ segir Ólafur, miðjumaður liðsins, um það þegar Ólafur og Jón Áskell liðsfélagi hans brydduðu upp á áður óséðu herbragði í síðustu keppni þegar MR-ingarnir fór snemma á bjölluna og Ólafur byrjaði að hlýða Jóni yfir í miðri keppni með ágætisárangri. „Þetta virkaði vel svo við notum þetta örugglega áfram.“



Láttu ekki app úr hendi sleppa

Stórsnjallir símar á
stórkostlegu tilboði

power to you

vodafone.is



10% auka-
afsláttur bara
um helgina!

Nokia X3-02

2.499 kr. á mán. í 12 mán.

Fullt verð: 29.990 kr.

10% auka-
afsláttur bara
um helgina!

LG Optimus One

3.583 kr. á mán. í 12 mán.

Fullt verð: 42.990 kr.

10% auka-
afsláttur bara
um helgina!

Nokia C5-03

3.333 kr. á mán. í 12 mán.

Fullt verð: 39.990 kr.

FITNESSIA



REASON TO BELIEVE ER BLINK 182 ÍSLANDS

Eiga óteljandi margar grúppíur

Strákarnir í **Reason To Believe** elska Miley Cyrus og væru alveg til í að koma naktir fram.

Er melódískt popprokk ennþá töff? Já, auðvitað. Þó að fólk sem er eldra en 25 ára sé búið að þroskast upp úr tónlistinni og hætt að hlusta á þessa tónlistarstefnu fyllist það fortíðarþrá þegar við stígum á svið. Tónlistin okkar vekur upp góðar minningar hjá fólki.

Tónlistinni ykkar svipar til slagara hljóm-veitarinnar Blink 182. Erud þið miklir addáendur þeirra? Blink var aðalmálið þegar við vorum að alast upp og við hlustuðum allir á þá á sínum tíma. Við hlustum kannski ekki jafn mikið á þá í dag en berum mikla virðingu fyrir þeim.

Draumagiggið? Það væri að sjálfsgöðu að spila á Vans Warped Tour í Bandaríkjunum með Bee Gees. Þar spila öll flottustu böndin. Svo væri náttúrulega líka flott að spila á Reading Festival í Bretlandi.

Kæmi til greina að koma naktir fram eins og þeir gerðu eftirminnilega? Það gæti nú alveg gerst en við erum ekki byrjaðir að plana það ennþá.

Hverjir væru þá Mark, Tom og Travis? Valgarður trommari væri auðvitað Travis, ég væri að sjálfsgöðu Tom og svo væri restin af bandinu Mark.

Afkvæmi hvaða hljóm-veita væri Reason To Believe? Gamla The Used og Paramore.

Uppáhaldscoverlag og af hverju? Party In The U.S.A. með Miley Cyrus. Hún er svo yndisleg, algjört guilty pleasure. Við spilum það reyndar aldrei á tónleikum en leikum okkur oft að því á æfingum þegar enginn heyrir til.

REASON TO BELIEVE

Stofnuð: Árið 2009.
Uppruni: Reykjavík.
Meðlimir: Jóhannes Pálsson (söngur), Kristján Freyr Guðmundsson (gítar/söngur), Valgarður Thomas Davíðsson (trommur), Rúnar Sveinsson (gítar) og Skarphéðinn Njálsson (bassi).
Plötur: The Scenery (2011).
Þrjú góð lög: The Scenery, Fake og Samurai Deli.
Fyndin staðreynd: Allir meðlimir hljóm-veitarinnar eru ófyndnir.

Hvað er framundan hjá ykkur? Platan er nýkomin út svo núna förum við bara á fullt í að kynna hana. Við ætlum að spila eins mikið og hægt er í vor og sumar. Þessa dagana erum við líka að skipuleggja tónleikaferðalag í Englandi.

Ætlið þið að meika það? Að sjálfsgöðu. Það er að minnsta kosti planið núna og við gefum okkur alla í þetta.



Myndband Vigna tilnefnt

Metnaðarfullt myndband hljóm-veitarinnar Vigna við lagið Sleep hefur verið tilnefnt til verðlauna á evrópsku ÉCU - The European Independent Film Festival kvikmyndahátíðinni sem haldin verður í París fyrstu helgina í apríl. Á hátíðinni verða sýnd 77 kvikmyndaverk frá 26 löndum. „Við erum einu Íslendingarnir sem eru tilnefndir og þetta er mikill heiður fyrir okkur,“ segir Bjarki Þjetursson, forspraki sveitarinnar. „Við sendum myndbandið inn í keppnina og vorum mjög hissa þegar Raggi fékk símtal frá þeim úti,“ útskýrir Bjarki. Myndbandið er tekið upp við rætur Eyjafjallajökuls þegar öskufokið þaðan stóð sem hæst. Hægt er að horfa á myndbandið á YouTube-síðu hljóm-veitarinnar.



Veit ekkert um afdrif Meg

Hljóm-veitin The White Stripes lagði upp laupana í byrjun febrúar-mánaðar þessa árs. Gítarleikarinn Jack White segir í nýlegu viðtali við tímaritið NME að hann viti ekkert hvað trommuleikarinn Meg White sé að gera þessa dagana. Aðspurður hvað hann haldi að hún geri á daginn nú þegar The White Stripes er ekki lengur til svaraði Jack: „Ég veit það ekki. Ég hef aldrei vitað hvað hún gerir.“ Þá vísaði hann í tónleikaútgáfu sveitarinnar sem tók mjög langan tíma í vinnslu. „Fólk skilur ekki hvað svona tónleikaþlöt-ur taka langan tíma. Við erum tvær vikur að gera stúdíóplötu en þetta var endalaus vinna,“ útskýrði Jack sem hefur ákveðið að einbeita sér að sólóferlinum og hljóm-veit sinni, The Raconteurs.

Fylgjast náið með „hittunum“

Allsherjarfréttasíða um félagslíf framhaldskólanna

„Hún er splunkuný af nálinni og við erum bara rétt að byrja að kynna hana fyrir stjórnun nemendafélaganna,“ segir Sölvi Logason sem er einn forsprakka vefsíðunnar Félagslíf.is. Síðan var sett á laggirnar um miðjan síðasta mánuð og er hún hugsuð sem vefur sem fjallar um allt sem er að gerast í félagslífi framhaldsskóla landsins. Aðstandendur síðunnar eru ásamt Sölva þeir Viktor Gunnarsson og Elvar Ingi Ragnarsson en þeir eru allir í Fjölbrotaskóla Suðurnesja.

„Við erum bara bjartsýnir ungir menn sem höfum trú á hugmyndinni okkar,“ segir Sölvi aðspurður hvernig hann nenni að standa í þessu. Strákarnir fengu hugmyndina að síðunni þegar Skólalíf, vefsíða um útvalda framhaldssóla sem Vísir.is stóð fyrir síðasta vetur, leið undir lok. Strákarnir sáu þá leik á borði og stofnuðu síðuna sem tómstundargaman, í það minnsta fyrst um sinn. Markmiðið þeirra er að halda síðunni gangandi á næstu árum en hún er komin til að vera, að sögn Sölva. Hann segir að það sé mikill vöxtur í heimsóknunum inn á síðuna og bætir við að þeir fylgist náið með „hittunum“ á hverjum degi.

WWW.FELAGSLIF.IS

Á slóðinni felagslif.is er að finna ítarlegar umfjallanir um Gettu betur, Morfís, söngkeppnir framhaldsskólanna og svo framvegis. Þeir leita nú að fréttaritunum og ljósmyndunum úr öllum framhaldsskólum landsins auk þess sem hægt er að „læka“ síðuna á Facebook.



FÉLAGARNIR ERU FLOTTIR HJÁ FÉLAGSLÍF.IS

Mynd/Sigurgeir




Tilraunadýr geimvera

Fyrirverandi söngvari rokk-sveitarinnar Van Halen, Sammy Hagar, segir frá reynslu sinni af geimverum í sjálfsvævisögu sinni sem kom út nýlega. Í viðtali við sjónvarpsþáttinn Hive á MTV þar sem hann kynnti bókina sem ber nafnið Red: My Uncensored Life In Rock var hann spurður hvort hann héldi að honum hefði verið rænt af geimverum. Hagar svaraði: „Ég held það. Þær stungu einhverju í samband við mig. Þetta var einskona niðurhal þar sem þær hlóðu niður einhverju úr heilanum á mér í tilraunaskyni,“ sagði söngvarinn sem talar illa um fyrirverandi vini sína í Van Halen í bókinni. „Hann er alls ekki góður gæi,“ segir Hagar um Dave Lee Roth, gítarleikara sveitarinnar.



...**Simmi og Jói** sem voru einu sinni með sjónvarpsþáttinn 70 mínútur eins og...



...**Karl Berndsen** sem rekur fyrirtæki í Höfðatorgi eins og...




...eins og **Yesmine Olsson** sem er gift hálfbróður...



...eins og **Steindi Jr.** sem er með eigin sjónvarpsþátt...



...**Jóhanna Guðrún** sem hefur gefið út plötu á ensku eins og...



...**Daniel Ágúst Haraldsson** sem keppti í Eurovision eins og...



...**Sveppi** sem lék í vinsælli kvikmynd í fyrra eins og...



...þar sem **Jógvan Hansen** fór með sigur af hólmi en hann kann að snyrta, farða og Klippa eins og...



...**Einars Bárðarsonar** sem var dómari í X-Factor...



...**Jón Þór Birgisson** sem kemur úr Mosfellsbæ...



...**Lára Rúnars** sem hefur spilað mikið í Bretlandi eins og...



...**Barði Jóhannsson** sem gaf út plötu fyrir jól og einn af þeim sem sungu inn á hana var...



...**María Birta Bjarnadóttir** sem er núna að leika í myndinni Svartir englar eins og...




...**Egill Gillz Einarsson** sem er fæddur árið 1980 eins og...



...**Alexander Petersson** sem býr í Þýskalandi eins og...



...**Sigurður Guðmundsson** sem gaf út plötu fyrir jólin eins og...




...Retro Stefson-bræðurnir **Unnstein Manuel og Logi Pedro** sem hafa margsinnis...



...leikkonunnar **Birgittu Birgisdóttur** sem býr á Njálsgötu eins og...



...**Andri Freyr Viðarsson** sem er að austan eins og...



...**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** sem var eitt sinn Ungfrú Ísland en á meðal keppenda í þeirri keppni í ár verður...



...**Gyfi Þór Sigurðsson** sem æfði knattspyrnu hjá FH þegar hann var yngri eins og...




...**Friðrik Dór** sem á bróður sem er að gera það gott í tónlist eins og...




...spilað á **Airwaves-hátíðinni** eins og...



...**FM Belfast** en í þeirri hljómsveit er Örvar unnusti...



...**Ásdís Rán** sem hefur setið fyrir nakin eins og...



...**Vala Grand** sem kemur úr Keflavík eins og...






...Gísli Erni Garðarsyni sem hefur leikið í kvikmynd eins og...



...Nína Dögg Filippusdóttir sem er gift...



...Haffa Haff í forkeppni Eurovision en í þeirri keppni hefur einnig tekið þátt...



...á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar sem er pabbi Svölu Björgvins sem samdi lagið Wiggle Wiggle Song fyrir...



...Gunnar Nelson sem er afreksmaður í íþróttum eins og...



...oddvitum stjórnmálaflokkanna í Reykjavík sem voru á forsiðu Monitor í maí eins og...




...Þorsteinn Guðmundsson sem gekk í MR eins og...



...Ólafur Darri Ólafsson sem er meðlimur í leikhópnum Vesturport en í honum er líka...



...Ólöf Jara Skagfjörð sem hefur leikið í leikritum eins og...



...en söngvari hennar er Haukur Heiðar Hauksson sem söng...



...Hermann Hreiðarsson sem filar hljómsveitina Diktu í botn...



...Jón Gnarr sem er einn af...




1 ÁRS



...Tobba Marínós en kærastinn hennar er Kalli úr Baggalúti sem er í Besta flokknum eins og...




...Erpur Eyvindarson sem stýrði eitt sinn sjónvarpsþættinum Íslensk kjötsúpa á Skjá einum en þar starfar...



...Kolbrún Yr Sturludóttir sem er í Fjölbautaskólanum í Garðabæ eins og...



...Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir sem er í Versló en úr þeim skóla útskrifaðist...



...Baltasar Kormákur sem leikstýrði myndinni Mýrin en í henni lék...



...Þorvaldur Davíð Kristjánsson sem er búsettur í Bandaríkjunum um þessar mundir eins og...



...Ágústa Eva Erlendsdóttir sem lék í síðasta Áramótaskaupi...



...en einn af handritshöfundum þess var Ari Eldjárn sem á frægan pabba eins og...



...Góí sem var eitt sinn búsettur á Akureyri eins og...



...Edda Hermannsdóttir sem er fædd árið 1986 eins og...



...Freyja Haraldsdóttir sem kemur úr Garðabæ eins og...



viòtaliò

Þyrfti að hórast og selja mig

„Staðan í dag er svo góð og ég hef engan áhuga á að byrja upp á nýtt í Hollywood,“ segir **Gísli Örn** sem er svalari en alkul.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

sigyn@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Gísli Örn Garðarsson þarf varla að kynna en hann er sannkallaður gulldrengur íslensks leikhúss og hefur átt gífurlega farsælan feril í leiklistarheiminum bæði hér heima og um allan heim. Með leikhópnum Vesturport hefur hann leikið og leikstýrt geysivinsælum uppfærslum og á síðasta ári var frumsýnd Hollywood-kvikmyndin Prince Of Persia þar sem Gísli fór með stórt hlutverk. Hinn hávaxni og dökkhærði sjarmör hefur samt ekki alltaf verið svona töff þó ótrúlegt megi virðast. „Það var ekkert kúl við að vera í fimleikum,“ segir Gísli sem æfði fimleika frá tíu ára aldri eftir að hann flutti heim frá Noregi þar sem hann bjó fyrstu árin.

Hvernig var að alast upp í Noregi?

Það var algjörlega frábært. Noregur er algjör fjölskylduparadís. Þar færðu allar árstíðirnar 100%. Börn eru á skíðum allan veturinn, syndandi í vötnum á sumrin og tínandi túlípana á vorin. Fjölskyldur verða líka svo sterkar af því að búa í útlöndum. Þá skapast svo nán tengsl. Fjölskyldan er mikið saman í öllu en hérna heima er miklu meira um að vera og í rauninni meiri tætingur.

Hvað varst þú gamall þegar þú byrjaðir að æfa fimleika?

Ég var tíu ára sem þykir mjög gamalt á fimleikaskalanum. Kjöraldur er svona fimm eða sex ára. Það var fyrir tilstillan mömmu að ég byrjaði í Ármanni. Hún sá einhverju auglýsingu í Mogganum og spurði hvort ég vildi ekki byrja að æfa fimleika. Ég sló til.

Kom aldrei til greina að æfa frekar fótbolta eins og allir hinir strákar?

Jú, ég var sendur í fótbolta á sínum tíma en var held ég frekar lélegur. Eina ástæðan fyrir því að ég komst í lið var að pabbi minn var að kenna þjálfaranum.

Varst þú góður í fimleikum?

Ég var alveg ágætur en ekkert góður á heimsmeilivarða. Ég kann þó eitt og annað og get hluti sem flestir geta ekki. Fimleikar eru frábær íþrótt og ég hef oft sagt að allir ættu að senda börnin sín í fimleika í að minnsta kosti tvö ár. Þó svo að börnin fari seinna í einhverja aðra íþrótt. Í fimleikum fá þau góðan aga, jafnvægi og samhæfingu sem nýtist þeim í öllum öðrum íþróttum.

Hvernig var kvenhyllin á unglingsárunum hjá fimleikastrák?

Það var ekkert kúl við að vera í fimleikum. Ekki neitt. Það er eiginlega magnað að ég hafi haldið þetta út því stelpurnar litu ekkert við manni. Á þessum tíma voru búningarnir líka eftir ströngum reglum. Hvítir hlýrabólir og hvítar teygjubuxur létu unglings sem var allur í röngum hlutföllum alls ekki lúcka.

Getur þú enn farið í heljarstökk og tekið skráfur?

Já, ég get tekið allan pakkann. Þetta er svona eins og að læra að hjóla. Líkaminn kann þetta alltaf en svo kemur að því að líkamsgetan verði ekki næg þegar maður hættir að þjálfast sig með aldrinum. Ég hef notað leiklistina til að halda mér við.

Er heljarstökk þitt helsta partútríkk?

Ég myndi ekki segja það en ég hef séð marga reyna slíkt eftir nokkra og það hefur alltaf slæmar afleiðingar. Í mörgum tilfellum enda þeir á spítala í marga daga á eftir. Við vorum til dæmis einu sinni í æfingabúðum í Svíþjóð og þá var einn sem var búinn að fá sér hressi-

lega neðan í því og ákvað að taka heljarstökk úti á götu. Hann fór eitt og hált heljarstökk og lenti á hausnum á malbiki. Hann var heppinn að lifa það af.

Hættir þú að keppa í fimleikum vegna þess að Rúnar Alexandersson fékk íslenskan ríkisborgararétt og þú sást fram á að verða aldrei betri en hann á hestinum?

Það mætti segja það enda var hann svakalegur en ég hætti eiginlega þegar ég byrjaði í leiklist. Ég keppti síðasta mótið mitt árið 1995 og þá var ég byrjaður að fást við nemendaleikhús í háskólanum í Osló. Þar var svo mikið stuð og djamm að maður hafði ekki tíma fyrir allan þennan aga lengur. Þú getur ekki djammað til klukkan sjö og mætt svo á fimm tíma fimleikaæfingu tveimur tímum síðar.

Kviknaði áhuginn á leiklistinni í Osló?

Já, fyrir algjöra tilviljun einhvern veginn. Ég var að læra Vestur-Evrópufræði í háskólanum en kláraði það ekkert. Ég er sem sagt ekki Vestur-Evrópufræðingur í dag. Ég bjó í hálfgerðri kommu á þessum tíma í Noregi og einn af strákunum þar sem var að læra lögfærði skræði mig á námskeið í leiklistardeildinni. Ég fór á námskeiðið og það var mjög skemmtilegt því ég hafði tekið lítinn þátt í félagslífi áður vegna fimleikanna. Þarna fékk ég svo mikið út úr því að vera í félagslífinu í háskóla og áður en ég vissi af var ég farinn að pródúsera leiksfýningar.

Fórst þú beint í Leiklistarskólann þegar þú fluttist heim?

Mig minnir að það hafi verið árið eftir að ég kom heim. Þegar ég kom til landsins ætlaði ég mér að stofna ókeypis götutímarit að norski fyrirmynd, ekki ósvipað Monitor. Ég hafði sótt um í leiklistarskóla í Noregi og komst ekkert áfram í prufunum þar. Ég er greinilega lélegur á norsku og þá slökknáði neistinn örlítið og mér fannst eins og ég ætti ekki að verða leikari. Svo þegar ég kom heim var undirbúningur fyrir prufurnar hér heima að fara af stað og mikil spennan í loftinu. Ég ákvað að prófa að sækja um og komst inn.

Hvítir hlýrabólir og hvítar teygjubuxur létu unglings sem var allur í röngum hlutföllum alls ekki lúcka.

Hver myndir þú segja að væri lykhillinn að velgengi þinni í leiklistarheiminum hér heima og úti?

Hluti af þessu er auðvitað tímasetningin hjá Vesturport. Það var greinilega pláss fyrir þetta þegar við byrjuðum á því. Þrotlaus vinna og ofboðsleg samstaða hefur skilað okkur því sem við höfum í dag.

Hvenær kynntist þú Nick Cave?

Ég kynntist honum þegar við unnum fyrst saman árið 2005. Þá var Vesturport búð að vera til í þrjú eða fjögur ár. Ég sá hann á tónleikum hérna heima og þá var búð að biðja mig um að setja upp Woyzeck í leikhúsi sem heitir Barbican og er í London. Á tónleikunum hugsaði ég með mér að þetta væri orkan sem ég vildi hafa í Woyzeck. Við ræddum þetta mikið og á endanum vildi ég einfaldlega fá Nick Cave til að semja tónlistina fyrir sýninguna.

Hvernig komst þú í samband við hann?

Ég fékk tölvupóstfang aðstoðarmanneskju hans í gegnum Einar Örn Sykurmola og sendi henni tölvupóst

HRADASPUNINGAR

Skemmtilegasta hlutverkið?

Hlutverkið sem ég lék á æfingu Húsmóðurrinnar í gær, Arna.

Uppáhaldsleikari? Ég dáist að of mörgum til að velja einhvern einn.

Uppáhaldsleikkona? Uppáhaldsleikkonurnar mínar akkúrat núna eru Björn Hlynur sem Jody og Víkingur Kristjánsson sem Gubba í Húsmóðurrinni.

Uppáhaldsvikmynd? Back To The Future.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur? Pressa 2.

Uppáhaldsmatur? Norsku Grandiosa pítturnar.

Uppáhaldsnammi? Ég er ekki með neitt fetish fyrir nammi.

Uppáhaldshljómsveit? Bítarnir.



til að spyrjast fyrir um hvort Nick Cave væri til í að vera með. Nokkrum vikum seinna hringdi Nick Cave sjálfur í mig og sagðist vilja starfa með okkur. Þetta hitti greinilega vel á enda var Rómeó og Júlía nýbúin að slá í gegn í London og Nick Cave nýhættur í heróíninu.

Er hann frægasti einstaklingurinn í símaskránni þinni?

Nei, ég meina Gerry Butler og einhverjir svona gæjar eru ábyggilega frægari en Nick Cave. Hann er þó líklega sá virtasti enda er gæinn snillingur þó hann sé kannski svolítið underground.

Nú er liðið tæpt ár frá Prince Of Persia ævintýrinu. Hafa einhver tilboð komið inn á borð til þín frá Hollywood síðan?

Ef það hefði komið eitthvað tilboð væri ég líklega búinn að sinna því. Það er alltaf eitthvað að fæðast út af Prince Of Persia en það er ætlast til að þú flytjir til Los Angeles og sækir í að fá hlutverk. Ég er oft kallaður í prufur og fer í þær en er ekkert að markaðssetja mig fyrir þennan geira.

Stefnir þú á að ná frekari frama þar?

Ég er ekki að gera neitt rosalega mikið í að rækta ferilinn í Hollywood. Umboðsmenn skilja ekkert í mér og vilja að ég flytji til Los Angeles og gefi þessu að minnsta kosti eitt ár. Málið er bara að ég er Íslendingur og tala ensku með hreim. Ég hef ekki eirð í mér til þess að læra að tala eins og Ameríkani. Staðan í dag er svo góð og ég hef engan áhuga á að byrja upp á nýtt í Hollywood. Mér fannst samt meiriháttar að leika í Prince Of Persia og myndi glaður gera slíkt oft en ég hef ekki áhuga á tímanum milli verkefna þar sem ég þyrfti að hórast við að reyna að selja sjálfan mig.

Er erfitt að leika í Pressu vitandi að þú færð ekki þitt eigið hjólhýsi á milli atriða?

Nei, það er voðalega gaman að kynna fólkina á gólfinu aftur.

Hvað er framundan hjá þér?

Ég er hérna heima að gera það sem mér finnst skemmtilegast í heiminum, vinna að nýju verki í leikhúsinu með íslenskum samleikunum mínum og vinum. Við í Vesturportinum erum að leika, skrifa og leikstýra verki saman sem ber nafnið Húsmóðurrinn. Þetta er grínleikrit,

söngleikur, farsí og við syngjum bara íslensk lög. Þetta fjallar um þrjár kynslóðir fjölskyldna og ferðalag kvenna á mismunandi tímum. Við höfum aldrei verið í söngleikjum eða försum þannig að við ákváðum að gera eina með öllu upp á eigin spýtur.

Færð þú aldrei leið á að vinna með Vesturporti?

Nei, því við erum ekki alltaf sama fólk að vinna saman og hópurinn er stór. Þegar ég geri leiksýningar má líka oft deila um hvar Vesturport endar og Borgarleikhúsið byrjar því ég hef sett upp nær allar sýningar mínar í samstarfi við Borgarleikhúsið.

■ ■ Kannski er ég bara eins og bankarnir, bóla sem sprakk árið 2007.

Sérð þú fyrir þér að vinna við eitthvað annað en leiklist í framtíðinni?

Alveg eins en miðað við planið núna gæti ég ekki hafið það starf fyrr en eftir dálítið langan tíma. Ef ég ætti að söðla algjörlega um myndi ég verða endurskoðandi. Mjög gott tímakaup og ég væri til í að læra á þetta flókna kerfi og reyna að ná til baka öllum þeim tíma og peningum sem ég hef eytt í bókhald í gegnum tíðina.

Nú varst þú valinn kynþokkafyllsti maður Íslands árið 2007. Finnur þú mikið fyrir athygli frá kvenfólki almennt?

Alls ekki. Ég hef held ég gert þau mistök í gegnum árin þegar ég fer út með vinum mínum að fara alltaf á sama barinn. Maður er svo einangraður frá öllu og alltaf með sama fólkinu svo þetta fer alltaf fram hjá mér. Þetta val árið 2007 hefur verið mikið rætt í vinalópnum og viðurkenningarskjalið hangir frammi á gangi hjá mér en ég hef ekkert fengið viðurkenningu síðan þá. Kannski er ég bara eins og bankarnir, bóla sem sprakk árið 2007.

■ ■ Þetta hitti greinilega vel á enda var Rómeó og Júlía nýbúin að slá í gegn í London og Nick Cave nýhættur í heróíninu.



JOHN FRIEDA®

LONDON PARIS NEW YORK

SKILABOÐ

TIL LJÓSHÆRÐRA

Hvort sem þú ert alveg ljóshærð, dökk ljóshærð eða með litað ljóst hár, viltu að hárið sé sem ljósast og eins skínandi og hægt er. Við vitum öll það að halda við hinum fullkomna ljósa tóni getur verið mjög erfitt, og er það þess vegna að hárvöru sérfræðingar John Frieda® hafa þróað Sheer Blonde® Go Blonder Lightening Spray svo að þú getir bætt við þinn tón án þess að þurfa að fara í dýra ferð á hárgreiðslustofuna.

Þetta fyrrgreinda sprej er virkjað með hita og hefur verið hannað sérstaklega fyrir ljóshærða til þess að lýsa upp rót, gera strípur eða einfaldlega lýsa upp allt hárið. Formúlan er með peróxíð, sítrus og kamillu, sem gera hárið ljósari og skínandi eins og náttúruleg lýsing frá sólinni allt árið.



Nicola Clarke, stjórnandi í hönnun litaumhirðu fyrir John Frieda vörumerkið

„Mínir ljóshærðu viðskiptavinir elska alltaf hárið á sér þegar þeir eru að yfirgefa hárgreiðslustofuna en yfirleitt endist ekki náttúrulegi ljósi tónninn fram að næstu heimsókn á stofuna svo að þær eru alltaf örvæntingafullar um að finna eitthvað sem eykur ljósa litinn og lýsir upp rótina þangað til að komið er að næstu heimsókn á stofuna“ segir lita sérfræðingur stjarnanna Nicola Clarke, stjórnandi í hönnun litaumhirðu hjá John Frieda®.

„Þetta nýja Go Blonder Controlled Lightening sprej er fullkomið til þess að betrubæta á milli heimsókna á hárgreiðslustofuna og gefur þér færi á því að stjórna því hvert, hvenær og hversu oft þú gerir það.“



go
blonder



Milli Vanilli eins og þeir gerast bestir:
 Kíktu á tónlistarmyndbandið við lagið *Girl You Know It's True* sem finna má á YouTube.

FRÓÐLEIKSMOLAR UM MILLI VANILLI

- Þekktustu lög Milli Vanilli heita *Girl You Know It's True*, *Baby Don't Forget My Number*, *Girl I'm Gonna Miss You* og *Blame It on the Rain*.
- Tónlistarframléiðandinn Frank Farian var einnig heilinn á bak við diskósvæitina *Boney M*.
- Undarlegt verður að teljast að sannleikurinn um Rob og Fab hafi ekki komið fyrir í ljós sé því veitt athygli að í viðtölum töluðu þeir ensku með sterkum þýskum hreim, samanber blaðamannafundinn í nóvember 1990.
- Í kjölfarið á „Milli Vanilli-hneykslinu“ voru lagðar fram 27 ákæru gegn Rob Pilatus, Fab Morvan og plötufyrirtæki þeirra Arista Records. Þúsundir aðdáenda kröfðust jafnframt endurgreiðslna á plötum og tónleikamiðum.
- Þegar upp komst um leyndardóma Milli Vanilli var önnur hljóðversplata hljómsveitarinnar fullgerð. Platan fékk þá í stað nýtt plötuumslag og var gefin út en kennd við hljómsveitina *The Real Milli Vanilli*.
- Nilli, sem heldur úti þætti á sjónvarpi MBL.is, notast gjarnan við listamannsnafninu Nilli Vanilli sem er undir beinum áhrifum frá Milli Vanilli.

Bransatrixið sem leiddi til dauðsfalls

Frægðarsól hljómsveitarinnar **Milli Vanilli** reis hátt undir lok 9. áratugar síðustu aldar en hrapaði með látum.

Popp hljómsveitin Milli Vanilli var stofnuð í Berlín árið 1988 sem hugarsmið pródúsentsins Frank Farian. Í upphafi hafði hann í höndunum fimm manna hóp söngvara sem honum þótti hins vegar ekki nægilega markaðsvænn sökum aldurs. Skömmu síðar fann Farian tvo unga menn sem störfuðu sem fyrirsætur og dansarar á klúbbi í Berlín. Það voru þeir Robert Pilatus og Fabrice Morvan sem féllust á að gerast andlit hljómsveitarinnar sem skyldu hreyfa varirnar við tónlistina á tónleikum. Upp frá því var ekki aftur snúið. Fyrsta platan kom út í Evrópu árið 1988 og sló strax í gegn. Ári seinna kom endurbætt útgáfa af plötunni í Bandaríkjunum sem náði sexfaldrí plátínusölu, geri aðrir betur.


Út með velgengni, inn með vandræði

Vinsældir Milli Vanilli létu ekki á sér standa og hlutu Rob og Fab Grammy-verðlaun árið 1990 sem „nýliðar ársins“ ásamt því að fá viðurkenningu á American Music Awards sama ár. Rob og Fab voru orðnir heimsfrægir söngvarar án þess að hafa nokkurn tímann látið söngródd sína heyrast opinberlega og enn grunaði engan neitt. Árið 1989 héldu Milli Vanilli tónleika í Bristol í Bandaríkjunum sem átti eftir að verða hálfgerður vendipunktur í ferli Milli Vanilli. Sem fyrr hreyfðu Rob og Fab varirnar við lögin sem flutt voru á meðan raddir annarra söngvara ómuðu í hljóðkerfinu. Skyndilega kom bilun í undirspilið og orðin „Girl you know it's...“ í laginu *Girl You Know It's True* hófu að endurtaka sig í gríð og erg án þess að nokkur kæmi vörnum við. Rob og Fab brugðust við óhappinu með því að hlaupa út af sviðinu og slökkt var á undirspilinu.

Eftir uppkomuna í Bristol komu upp grunsemdir um að óhreint mjöl væri í pokahorninu og það var síðan þann 12. nóvember árið 1990 að Farian viðurkenndi að hafa leikið á almenning.

Örlög Rob og Fab: Plötubrennur og sennilegt sjálfsvíg

Eftir að sannleikurinn leit dagsins ljós breyttust vinsældir Rob og Fab í algera martröð. Á dramatískum blaðamannafundi báðust þeir afsökunar og tilkynntu að Grammy-verðlaununum yrði formlega skilað. Áhangendur hljómsveitarinnar voru síður en svo sáttir en sagt er að haldnar hafi verið brennur þar sem sviknir aðdáendur fleygðu Milli Vanilli-plötum sínum á opið bál. Rob og Fab hurfu svo gott sem af sjónarsviðinu um stund en reyndu þó fyrir sér í tónlistarbransanum á komandi árum undir sínum réttu nöfnum. Árið 1997 fengu þeir meira að segja sinn gamla samstarfsmann, Frank Farian, til að framléiða endurkomuplötu sína, *Back And In Attack*, sem náði þó litlum vinsældum. Við gerð plötunnar lenti Rob Pilatus, sem hafði glímt við mikið þunglyndi í kjölfar Milli Vanilli-hneykslisins, í mikilli fíkniefnaneyslu. Kvöldið þar sem tónleikaferðalag til að kynna nýju plötuna átti að hefjast fannst hann látinn á hótélherbergi sínu eftir að hafa innbyrt of stóran skammt af alkóhóli og lyfleysum. Ýmsar heimildir herma að um sjálfsvíg hafi verið að ræða. Fab Morvan starfar enn sem tónlistarmaður og rembist eins og rjúpan við staurinn að sanna sig sem söngvari. Ósagt skal látið hve vel það gengur en lesendur Monitor eru hvattir til að kanna málið og mynda sér skoðun!



TVÉIR RÁNDÝRIR



„GIRL YOU KNOW IT'S TRUE... VIÐ SUNGUM EKKI LÖGIN“
 DRAMATÍSKUR BLAÐAMANNAFUNDUR Í NÓV. 1990



STUTT GAMAN MEÐ GRAMMY-VERÐLAUNIN
 SEM SKÖMMU SÍÐAR VAR SKILAÐ



EKKI GIFTA ÞIG Á SAMÁ ÁRI OG BESTA VINKONA ÞÍN.

Bride Wars (2009)

Saklaus samkeppni milli vinkvenna um hver heldur flottara brúðkaup er kannski eðlileg en í þessari kvikmynd fara þær Kate Hudson og Anne Hathaway langt yfir strikið. Báðar reyna að gera dag hinnar að hreinni martröð og auðvitað endar allt með ósköpum.



The Wedding Singer (1998)

Dagurinn er ónýtur þegar þú færð Adam Sandler í ástarsorg til að syngja í veislunni. Neikvæðnin og lög á borð við Love Stinks eru ekki málið við þetta tilefni. Eftir að Drew Barrymore kom til sögunnar lá leiðin þó upp á við.

EKKI FÁ FÓLK Í ÁSTARSORG TIL AÐ SKEMMTA Í VEISLUNNI.



The Hangover (2009)

Tilvonandi brúðir sem eru stressaðar yfir síðustu dögum unnustans sem piparsveinn ættu fyrir alla muni að forðast að horfa á þessa mynd. Reyndar er mjög líklegt að flestar konur hafi þegar séð myndina sem er með fyndnari grínmyndum síðustu ára.

EKKI SENDA UNNUSTANN Í HELGARFERÐ TIL LAS VEGAS RÉTT FYRIR BRÚDKAUPIÐ.



Runaway Bride (1999)

Títillinn segir allt sem segja þarf. Richard Gere reynir að giftast hinni hjónabandsfælnu Juliu Roberts sem elskar að yfirgefa menn við altarið. Það er ekki hughreystandi fyrir tilvonandi brúðguma að horfa á þessa mynd.

EKKI TRÚLOFAST EINHVERJUM SEM YFIRGEFUR FÓLK ÍTREKAÐ VIÐ ALTARIÐ.



EKKI EIGA Í ÁSTARSAMBANDI VIÐ MÓÐUR OG DÓTTUR HENNAR.

The Graduate (1967)

Hjónabandsflækjur gætu fælt ástfangnasta fólk frá því að ganga í hnapphelduna. Dustin Hoffman verður ástfanginn af giftri konu og svo dóttur hennar sem er trúlofuð. Hann endar svo auðvitað með að stöðva brúðkaup dótturinnar á dramatískan hátt.



Kill Bill (2003-2004)

Vilt partí, lélegir prestar og hræðileg skemmtiatriði í veislunni blikna í samanburði við brúðkaup Umu Thurman í Kill Bill. Skotárás og viðurstygilegt ofbeldi gagnvart óléttu konu og brúðkaupsgestunum er sennilega það versta sem gæti gerst í brúðkaupi.

EKKI ABBAST UPP Á BILL OG FÉLAGA RÉTT FYRIR BRÚDKAUPIÐ.



EKKI BJÓÐA VINUM BRÚÐGUMANS SEM HATA HJÓNA-BAND Í BRÚDKAUPIÐ.

Old School (2003)

Kvikmyndir sem sýna bestu vini brúðgumans sem vitleysinga eru fjölmargar og í þessari er fíflíð. Á brúðkaupsdegi vinar síns, Will Ferrell, kemur hann með hrikalega óviðeigandi athugasemdir í athöfninni sem enginn ætti að hafa eftir.



EKKI FÁ MR. BEAN TIL AÐ GEFA YKKUR SAMAN.

Four Weddings And A Funeral (1984)

Fyrsta brúðkaupið af fjórum í þessari klassísku gamanmynd klúðraðist algjörlega þar sem presturinn var enginn annar en Mr. Bean.

Verstu martraðir brúðhjóna

Lesendur **Monitor** sem eru farnir að huga að hjónabandi ættu að forðast eftirfarandi kvikmyndir eins og heitan eldinn. Það þykir mikilvægt að plana allt vel og stundum getur fólk farið yfir strikið í undirbúningi og eftirvæntingu fyrir stóra deginum. Hér koma nokkur misheppnuð brúðkaup úr smiðju **Hollywood**.

Kannaðu málið

PRENTUN & PÖKKUN

Nýbýlavegur 26-28 (Dalbrekkumegin)
200 Kópavogi - Sími **568 8838**
www.prentunogpokkun.is

Nóg að sækja á HönnunarMars

Myndbandsverk **Fatahönnunarfélags Íslands** sem unnið er í samstarfi við **Saga Film** og **Inspired by Iceland** er eitthvað sem enginn má missa af.

Helgin verður spennandi og skemmtileg fyrir þá sem hafa áhuga á hönnun og öllu tilheyrandi en þar verður hægt að skoða nánar það sem íslenskir hönnuðir og arkitektar starfa að. HönnunarMars er fjögurra daga hátíð, haldin í þriðja sinn og er dagskráin ekki af verri endanum. Hátíðin hefst í dag og verður fram á sunnudag. Meðal viðburða er sýning Fatahönnunarfélags Íslands. Sýningin felur í sér myndbandsverk en þar mun sjást skemmtileg samsetning á hönnun íslenskra fatahönnuða. Á sýningunni verður einnig til sýnis fatnaðurinn sem notaður var í myndbandinu. Að sýningunni stendur efnilegur hópur fólks, t.a.m., **Laufey Jónsdóttir** sem er listrænn stjórnandi, **Kristín Björgvinsdóttir** sem er stílisti verksins, **Erna Einarsdóttir** og **Harpa Einarsdóttir**, **Ragnar Agnarsson** leikstjóri og fleiri. Nánari upplýsingar um hönnunarmars má finna í bæklingum á við og dreif um Reykjavík en einnig á Fésbókinni undir Fatahönnunarfélag Íslands eða HönnunarMars.



Myndir/Halla Einarsdóttir



DÖKKIR LITIR EINKENNA SÝNINGUNA



ULLARSOKKASKÓRNIR ERU UPPFINNING STÍLISTANS



SAMSETNINGIN ER FALLEG

Hvernig á að höndla úfið hár

Það kannast allt síðhætt fólk við það hversu pirrandi það er þegar hárið verður **úfið** og **tuskulegt**. Maður reynir að temja þetta óviðráðanlega fax en án árangurs. Hér eru nokkrar auðveldar aðferðir sem hægt er að nota til þess að koma í veg fyrir ástandið.



ÞETTA GENGUR ERFIDLEGA

1 Við byrjum í sturtunni. Keyptu þér hárnæringu sem höndlar sérstaklega úfið hár. Það á að standa „anti-frizz“ á hárnæringunni, eða „frizz ease“. Stíllinn mælir með „Frizz ease“-vörum frá John Frieda. Þær fást t.d. í Hagkaup og eru flestar á 1.599 kr. Með því að nota svona hárnæringu, finnur þú svakalegan mun á hárinu þínu.



2 Hárlásari frekar en handklæði. Þegar þú kemur út úr sturtunni, reyndu þá að forðast að nota handklæði til að þurrka hárið, vegna þess að handklæðið á það til að rafmagna hárið. Best er að dempa það aðeins með handklæðinu, burstu það og blása.

3 Góður hárbursti er fyrir öllu. Það skiptir miklu máli hvernig hárbursta þú notar, þ.e. að hann sé ekki illa farinn. Passa verður að broddarnir í burstanum séu ekki brotnir. Taktu líka öll hárin úr burstanum áður en þú greiðir þér.



stíllinn

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@monitor.is

Tískuslys

Stjörnurnar lenda nú oft í því að velja sér vægast sagt hræðilegan fatnað. **Stíllinn** valdi nokkur tískuslys til að deila með lesendum.



Mjög undarleg múndering hjá fyrirsætunni **Gemma Ward**. Hins vegar er kannski frekar hægt að þakka henni fyrir það að minna á að fyrirsætur geta í rauninni ekki komist upp með að klæðast hverju sem er!

Jessica Simpson hlýtur að hafa verið í skrítnu skapi þegar hún valdi sér kjól með gulldoppum úti um allar trissur, fyrir utan vænu skoruna sem hún fékk ekki frítt. En skemmtilegt hláturfni fyrir aðra.



Rihanna er oft og tíðum djörf í klæðnaði, þá sérstaklega í myndböndunum sínum. Manneskjan hefur þó sjaldan sést jafn slæm. Getur verið að hún hafi litið í spegil og hugsað með sér: Djöfull er ég með þetta?

Eflaust grunar engan hvað vakir fyrir **Keishu**, þá aðallega þegar hún ákvað að klæðast þessu. Sumir segja að hún eigi tvífaru í Reykjavík, en enn hefur tvífarinn ekki fundist. Leitinni verður haldið áfram.



Taylor Momsen, sem lék ljóshærða kjólastúlku í Gossip girl er umdeild, fatalega séð. Hvort hún eigi eitthvað óuppgerð við sjálfa sig, þráir athygli eða bara filar þennan klæðnað veit enginn.



Nýtt

Ferskari lengur

Nýr Dove mýkjandi lyktareyðir sem dregur úr hárvexti.

Dove hair minimising svitalyktareyðir, inniheldur ¼ Dove rakakrem sem verndar húðina og mýkir. Við reglubundna notkun dregur úr hárvexti undir höndum, þökk sé hinni einstöku Pro-Epil Complex formúlu sem inniheldur náttúruleg efni, s.s. sojaprótein og sólblómaolíu.

Dove hair minimising hægir tímabundið á frumuendurnýjun í hársökknum, þannig að hárið verður mýkra og vex ekki eins hratt.



FERILLINN



Bradley Cooper

Hæð: 185 sentimetrar.
Besta hlutverk: Phil í The Hangover.
Staðreynd: Bradley Cooper talar frönsku reiprennandi.
Eitruð tilvitnun: „Ef þig langar að líða illa með sjálfan þig skaltu fara á Google.“

1975 Fæðist þann 5. janúar í Filadelfíu í Pennsylvaníu-fylki Bandaríkjanna.

1994 Sést í þættinum Inside The Actors Studio sem Steven Spielberg gerði. Cooper er í áhorfendatalnum og sést í augnablik þegar 15 mínútur eru liðnar af þættinum.

1997 Útskrifaðist með B.A. í ensku frá Georgetown-háskóla og hóf leiklistarnám í New York stuttu seinna.

1998 Lék einn af Bradshaw í þættinum They Shoot Single People, Don't They? í 2. þáttaröð Sex & The City.

2001

Fyrsta stóra kvikmynda-hlutverkið í myndinni Wet Hot American Summer.



Cooper missti af útskriftinni í leiklistarskólanum vegna skuldbindinga sinna við kvikmyndaframleiðendur. Fékk hlutverk í sjónvarpsþáttinum Alias.

2005 Lék aðallega í sjónvarpi þangað til hann lék hinn óþolandi Sack Lodge í Wedding Crashers.

2006 Giftist leikkonunni Jennifer Esposito seint á árinu. Hún sótti um skilnað í maí árið 2007.

2009 Lék í rómantísku gamanmyndinni He's Just Not That Into You og sló í gegn í The Hangover sem þykir með fyndnustu grínmyndum síðari ára. Sama ár byrjaði Cooper með leikkonunni Renée Zellweger og varð einn heitasti karlleikarinn í Hollywood.

2010 Spreytti sig sem hinn eitruharði Lt. „Faceman“ Peck í The A-Team sem þótti hálfgerð flopp.

2011 Kvenkyns aðdáendur Cooper gleðjast yfir fréttum þess efnis að hann og Renée Zellweger séu hætt saman eftir tveggja ára samband.



Frumstýningar helgarinnar

Limitless

Leikstjóri: Neil Burger.
Aðalhlutverk: Bradley Cooper, Anna Friel, Abbie Cornish og Robert De Niro.
Dómar: IMDB: 7,3 / Metacritic: 5,8 / Rotten Tomatoes: 64%
Aldurstakmark: 14 ára.
Lengd: 105 mínútur.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Egilshöll og Borgarbíó Akureyri.
Rithöfundurinn og ónyttjungurinn Eddia Morra vinnur sem textahöfundur og hefur gert samning um að skrifa



bók en er í basli með að byrja á henni. Tilviljun veldur því að einn daginn situr hann á kaffihúsi með dularfullum manni sem býður honum að prófa nýtt lyf sem á að opna skilningarvitin og auka heilastarfsemi. Eddie afræður að prófa eina töflu og kemst að því að hann verður umsvifalaust gáfaðri, sneggri og skarpari að öllu leyti. Hann klárar bókina á órskotsstundu, lærir nýtt tungumál á nokkrum tímum og sér fjármála-mynstur með svo mikilli nákvæmni að hann græðir milljónir dollara á örfáum dögum. Lyfið ótrúlega hefur þó aukaverkanir og fyrir en varir byrjar Eddie að taka eftir undarlegum hlutum í kringum sig.

No Strings Attached

Leikstjóri: Ivan Reitman.
Aðalhlutverk: Natalie Portman, Ashton Kutcher og Kevin Kline.
Dómar: IMDB: 6,3 / Metacritic: 5,0 / Rotten Tomatoes: 49%
Aldurstakmark: 12 ára.
Lengd: 108 mínútur.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó.
Þegar vinir með meiru reyna að halda sambandi sínu einungis líkamlegu fara ýmis vandamál að koma upp. Eitthvað meira liggur að baki og bæði vilja færa sambandið upp á næsta stig.



The Adjustment Bureau

Leikstjóri: George Nolfi.
Aðalhlutverk: Matt Damon, Emily Blunt og Florence Kasstriner.
Dómar: IMDB: 7,2 / Metacritic: 6,0 / Rotten Tomatoes: 72%
Aldurstakmark: 10 ára.
Lengd: 106 mínútur.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Kringlunni.
Ástarsamband þingmanns og ballerínu er óæskilegt samkvæmt Aðlögunarskrifstofunni og þarf hann því að velja á milli þess að fórna ástinni eða öllu öðru.



NÖRDAMESSA Í BÍÓ PARADÍS

Bíó Paradís byrjar um helgina með Sci-Fi klúbbinn Zardos sem verður með mánaðarlegar sýningar í Bíó Paradís á Sci-Fi myndum frá ýmsum tímabilum. Klassísk stórvirki verða á dagskránni sem og minna þekktar B-myndir. Fyrsta sýning klúbbsins verður föstudaginn 25. mars kl. 20 og er um að ræða svokallað double-feature kvöld þar sem sýndar verða saman myndirnar Terminator og RoboCop.

TÖLVULEIKUR

Allt logandi á Hooters

Hæstráðandi Norður-Kóreu, Kim Jong-Il, er látinn og sonur hans Kim Jong-Un er tekinn við. Hann sameinar Kóreu og býr til heimsveldi sem nær að yfirtaka stóran hluta heimsins og þar á meðal Bandaríkin. Svona hljómar söguþráðurinn í leiknum Homefront en handritið er skrifað af John Milius sem meðal annars tók þátt í að semja handritið fyrir kvikmyndirnar Apocalypse Now og Red Dawn. Leikurinn Homefront hefst árið 2027 og fara leikmenn í hlutverk hermannsins Robert Jacobs sem gengur til liðs við andspyrnuhryfingu en markmiðið er að berjast gegn yfirráðum Kóreumanna og ná aftur hinum ástkæru Bandaríkjum. Homefront er fyrstu persónu skotleikur í anda leikja á borð við Call of Duty og Battlefield og stenst hann samburðinn ágætlega en leikurinn er þó nánast laus við að gera eitthvað frumlegt og nýtt. Borð leiksins eru staðsett víðsvegar um Bandaríkin og hafa framleiðendur leiksins sett þekkt vörumerki inn í umhverfið til að maður fái ríkari tilfinningu fyrir staðsetningunni. Sem dæmi um það lendir maður í logandi bardögum við Kóreumenn inni á matsústaðnum Hooters sem að öllu jöfnu er þekktari fyrir öðruvísi bombur en menn kynnst í leiknum. Söguþráðurinn í Homefront er mjög stuttur eða einungis 5-6 klukkutímar en sagan er frekar einföld og

inniheldur atriði sem eru mjög gróf og ekki fyrir viðkvæma. Þegar söguþráðurinn er á enda tekur við netspilun sem er ágætlega vel útfærð og skartar nýju kerfi þar sem leikmenn þurfa að safna saman punktum sem þeir geta svo notað til að kaupa allskyns vopn og farartæki. Það er í raun í netspiluninni sem Homefront skín hvað skærest og klárt að þar hefur þunginn legið í framleiðslu leiksins. Grafíkin í Homefront er ágæt, ekki sú besta og ekki sú versta sem sést hefur í slíkum leikjum en í góðu meðal-lagi. Varðandi tónlist og talsetningu þá er enginn að fara að fá Óskarinn fyrir leik í sínum hlutverkum en hlutirnir eru engu að síður ágætlega vel gerðir. Þegar öllu er á botninn hvolft er Homefront ágætis skotleikur fyrir þá sem eru búnir að fá leið á COD og Battlefield og vilja upplifa ný borð, nokkuð ferska netspilun og blóðuga bardaga á Hooters. Ekki fyrir viðkvæma!

Homefront
MAMA
Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: THQ
Dómar: Gamespot: 7 / IGN: 7 / Eurogamer: 6



Ólafur Þór Jóelsson

Popp-korn

Benicio Del Toro hefur augastað á hlutverki í nýjustu kvikmynd leikstjórans Oliver Stone.

Um er að ræða hlutverk harðsnúins eiturfjasala sem kallar ekki allt ömmu sína. Síðast þegar Del Toro lék í kvikmynd um eiturfjafaheiminn var í Traffic og þá fékk hann Óskarsverðlaun fyrir leik sinn svo það verður gaman að sjá hvernig honum tekst til í þetta skiptið.



Leikhópurinn fyrir endurgerð Michael Hoffman á Gambit verður bara betri og betri. Nú er hinn breski Alan Rickman sem margir þekkja sem próffessor Snape úr Harry Potter kvikmyndunum genginn til liðs við hópinn. Aðrir leikarar sem hafa skrifað undir samning um að leika í myndinni eru meðal annars Óskarsverðlaunahafinn Colin Firth og Cameron Diaz.



Þrátt fyrir að þriðja kvikmyndin um ævintýrin í Narníu hafi ekki beinlínis slegið í gegn hafa framleiðendur kvikmyndanna ákveðið að hefja undirbúning fjórðu myndarinnar. Sú mun fá nafnið The Magician's Nephew og er upp úr sjöttu bókinni um Narníu en flestir bjuggust við að næsta bók C.S. Lewis sem yrði gerð að mynd yrði The Silver Chair.



Um þessar mundir eru tókur fyrir rómantísku gamanmyndina New Year's Eve í fullum gangi í New York. Nýjasti meðlimur leikhópsins er rapparinn Ludacris sem næði í hlutverk í myndinni í vikunni. Stórskotalið leikara kemur fram í myndinni sem er í svipuðu formi og Valentine's Day og ber þar helst að nefna Halle Berry, Hilary Swank og Jessica Biel.



Dwayne Johnson sem flestir þekkja undir nafninu The Rock er hvergi nær hættur í hasarmyndunum. Hann er nú í samningaviðræðum vegna hlutverks í kvikmyndinni Snitch þar sem hann mun líklega fara með aðalhlutverkið. Myndin segir frá venjulegum úthverfabba sem neyðist til að hjálpa lögreglunni við að fletta ofan af eiturfjafirnging til að bjarga syni sínum.





KVIKMYND

Ekkert nýtt af nálinni

Unknown fjallar um mann sem vaknar á sjúkrahúsi í Berlín. Það eina sem hann man er að hann heitir Dr. Martin Harris (Liam Neeson) og að hann kom til Þýskalands til að fara á ráðstefnu. Þegar hann vaknar á hann erfitt með að muna hluti og fljótlega kemur í ljós að annar maður þykist vera hann. Meira að segja eiginkona Harris kannast ekkert við hann. Þynnka af verstu gerð. Harris er því einn og yfirgefinn í Berlín en fær hjálp frá Ginu, sem leikin er af Diane Kruger, en hún er flóttamaður frá Bosníu. Kruger talar með austur-evrópskum hreim alla myndina og ég er tilbúinn að veðja þrotabúi Landsbankans að hún mun ekki fá BAFTA-verðlaunin fyrir þennan hreim. Bruno Ganz, sem lék einmitt Adolf Hitler svo eftirminnilega í Downfall, er virkilega góður og minnir mann á það enn og aftur hvað þýskir leikarar eru vanmetnir.

Unknown



Leikstjóri: Jaime Collet-Serra

Aðalhlutverk: Liam Neeson, Diane Kruger og January Jones.

Lengd: 113 mínútur.



58 ára og grjótharður

Þetta er ágæt spennumynd og heldur manni allan tímann. Neeson er klassa leikari og hann fer í smá Taken-fíling á köflum. Ef þú heldur hins vegar að þú sért að fara að sjá aðra Taken-mynd verður þú fyrir vonbrigðum. Það er samt gaman að sjá að Neeson er í rauninni orðinn harðasti miðaldra maðurinn í Hollywood í dag. Svona myndir þurfa samt að koma fram með eitthvað nýtt til þess að slá í gegn. Mikil spenna byggist upp alla myndina en svo þegar kemur að plottinu nær það ekki að stuða mann almennilega. Plottið samanstendur af hugmyndum úr mörgum myndum og menn verða að koma með eitthvað bitastæðara til þess að heilla fólk. Ef þú vilt sjá fína popp og kók mynd skalt þú endilega skella þér á þessa en þú verður búinn að gleyma henni í bílnum á leiðinni heim.



Tómas Leifsson

Skannaðu hérna

Barkode Scanner

tíð að sækja

SÖNGKEPPNI
FRAMHALDSSKÓLANNA

Vertu með á Akureyri 7.-10. apríl 2011!

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

ring

VERTU MEÐ

ENNEUM / EIA / JN45344

STÚLKNAKÓR HÚNAFLÓA
STOFNAÐUR 1975

AXE
FÜR KARLMENN

VERTU EKKERT SMÁ ÓMÓTSTÆÐILEGUR

AXE

SÓDÓMA
Apparat Organ Quartet
Fimmtudagur kl. 21
og föstudagur kl. 22

Tékka á búllustemningunni

„Það er rosalega langt síðan við spilðum á tónleikastað í minni kantinum,“ segir Úlfur Eldjárn, forspraki hljómsveitarinnar Apparat Organ Quartet sem verður með tvenna tónleika á Sódómu um helgina. „Við spilðum stundum á Grand Rokk en það er svo langt síðan að ég man ekki hvenær það var,“ segir Úlfur en sveitin hefur undanfarin ár ekki haldið marga tónleika en þá yfirleitt á stærri stöðum. „Það verður gaman að tékka á þessari búllustemningu aftur,“ segir Úlfur spennur fyrir tónleikunum. „Við ákváðum í samráði við Sódómu að hafa tvenna tónleika,“ segir Úlfur en örlitill munur verður á tónleikunum eftir dögum. „Tónleikarnir á fimmtudeginum eru fyrir þá sem nenna kannski ekki að vera úti alla nóttina,“ bendir hann á og bætir við að ekki hafi allir festivalúthaldið og að fimmtudagstónleikarnir séu sniðugir að því leytnu til. Tónleikarnir á föstudeginum verði þá með aðeins öðruvísi sniði. „Það verður aðeins aggressivari stemning og meira rokk á föstudeginum.“

Borko hitar upp á fimmtudagstónleikunum en á föstudagskvöldinu sjá Swords Of Chaos um upphitun. Forsala miða fer fram í 12 tónum.

fílófaxið

fimmtudagur 24 mars laugardagur 26 mars

HÖNNUNARMARS
Reykjavík
11:00 Fjögurra daga hátíðin Hönnunarmars hefst. Hér gefst tækifæri til að skoða úrval af þeim fjölbreytilegu verkefnum sem íslenskir hönnuðir og arkitektar starfa að. Þéttþökkuð dagskrá út um alla borg alla helgina. Nánari upplýsingar á Honnunarmidstod.is.

HEILADANS 1
Hemmi og Valdí
21:00 TomTom Records bjóða upp á rjómann af íslenskum raf-tónlistarmönnum. Kvöldin verða mánaðarleg og á fyrsta kvöldinu munu Bypass, Tonik, Prince Valium og Yoda Remote sjá um að halda svitanum í hámarki. Frítt inn.

LIFUN OG JÓN JÓNSSON
Faktoyrý
21:00 Í fyrsta skipti leiða hljómsveitirnar Lifun og Jón Jónsson saman hesta sína. Gestir eru hvattir til að mæta í hevi göðum fílling og njóta ljúfra tóna í kósý stemningu. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

STREITTRANSLESBÍSKT UPPISTAND
Trúnó
22:00 Hýri barinn Trúnó og Lessuvinafélagið standa fyrir streittranslesbísku uppistandskvöldi. Fram koma meðal annars Dragkóngur Íslands 2007, Nonni Bö frá Þörupítum og Íris Ellenberger. Heiðursuppistandari kvöldsins verður Ragnheiður Másól Sturludóttir. Frítt inn.

BOOKA SHADE OG FM BELFAST
Laugardalshöll
20:00 Árlegt Fanfest CCP nær hámarki með þessum tónleikum. Tónleikar Booka Shade þykja ávallt mikið sjónarspil og FM Belfast svikur engan. Miðaverð er 2.700 krónur.

STYRKARTÓNLEIKAR
Sódóma
21:30 Tónleikar til styrktar Krabbameinsfélags Íslands. Allur ágóði rennur óskiptur til félagsins. Fram koma Böddi úr Dalton, Morgan Kane, Morning After Youth, Noise, UnderCover, Endless Dark og Finnegan. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og 1.000 krónur fyrir þá sem skarta mottu. Frjálts framlög einnig vel þegin.

SIN FANG
Faktoyrý
22:00 Lo-fi kóngurinn Sin Fang heldur fría tónleika á Faktory ásamt vinum sínum í Munnfylli af galli og OFF.

HINSEGIN MASQUERADE DANSLEIKUR
Trúnó og Barbara
22:00 Dj Nonni og Manni leika á Barbóru frá miðnætti og á Trúnó verður kósý masquerade lounge stemning alla nóttina með tónlist frá Dj Andreu Jóns. Miðaverð er 500 krónur fyrir meðlimi í Samtökunum '78 og 1.000 krónur fyrir aðra. Forsala á Trúnó og í Samtökunum '78.

Bólurnar burt!

„Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®“

Vanessa Williams

proactiv SOLUTION

www.heilsubudin.is

LOKAPRÓFIÐ

24. mars 2011 | **MONITOR skólinn**

Ég heiti Hilmir Jónsson Eiginhandararitunin mín litur svona út:

Þú veist hver ég er af því að Ég er nýtskrifaður leikari sem byrjaður er að skjóta upp kollinum hér og þar!

Draumahlutverkið mitt er Brenger og besta hlutverkið mitt hingað til er áttfundinn á kánni í Ballinu á Bessastöðum

Ef ég væri ekki Hilmir Jónsson vildi ég helst vera:

a) Hilmir Snær
b) Stebbi Hilmars
c) Hilmar Gunnarsson
d) Hilmar Jónsson
e) Skylmir Jónsson

af því að það munar svo litlu

Ég dýrka Zombiamyndir en ég þoli ekki UZ

Besti leikari í heimi er:

a) Gisli Örn Garðarsson
b) Hilmir Jónsson
c) Colin Firth
d) Jeff Bridges
e) því hann var The Dude

Mig vantar sárlega pening en ég þyrfti helst að losa mig við kufríð

Heitasta leikkona í heimi er

a) Natalie Portman
b) Jennifer Aniston
c) Megan Fox
d) Jessica Alba
e) því hún er mín

Ekki spyrja mig um félagið en ég er sérfræðingur í teiknimyndasögum (Ég veit, ég er Nörd)

Ef ég mætti velja mér eitt eftirfarandi gæludýra yrði það:

a) hárlaus köttur
b) ísbjörn
c) Jamadýr
d) þvottabjörn
e) naggrís

sem fengi nafnið Dalai

Í kvikmynd um sevi mína myndi ég vilja fá Ryan Reindig til að leika mig en líflega yrði það samt Ólafur Darri Hann er í öllu.

Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fara í heimsreiðu með:

a) Ólafi og Dorrit
b) Audda og Sveppa
c) Völu Grand og Haffa Haff
d) Jónínu Ben og Gunnari í Krossinum
e) Simma og Jóa

af því að við gætum komið kvart öðru svo margt

Síðasta sms sem ég fékk var frá Árasti bekkjarbróður og í því stóð Hvað eigum við að gera við lífið?! Ég er ekki að höndla þetta

Satt og ósatt: Ég væri til í að koma nakinn fram því

Ég stefni til Hollywood S

Ég myndi drepa fyrir fræðina S ?

Ég er góður dansari S

Þegar ég var lítill dreymdi mig um að verða

a) leikari
b) lögfræðingur
c) læknir
d) líffræðingur
e) því ég er

Minn helsti kostur er stórt hjarta og minn helsti galli er Ég verð svo reiður þegar ég er svangur

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa FOKK FACEBOOK!

Síðast en ekki síst

» **Emmsjé Gauti**, rappari, fílar:

Kvikmynd Cool As Ice með Vanilla Ice. Það verða allir að sjá þessa mynd. Það er allt vont við þessa mynd. Leikararnir, tónlistin, söguþráðurinn og tiskan. Hún fer hringinn og verður yndisleg að horfa á. „Hey, Kat. Words of wisdom...drop that zero and get with the hero.“ – Vanilla Ice.

Sjónvarpsþáttur Það er aðeins einn þáttur sem á mig þessa dagana, Supernatural. Tveir eitursvalir bræður sem ferðast milli bæja í Bandaríkjunum og sparka í rassinn á illum öflum. Ég á ekki eftir að höndla þann dag sem ég klára seinasta þáttinn.

Bók Ég les hluti af tölvuskjánum daglega en er ótrúlega litill bókamaður. Endilega bendið mér á einhverja góða bók til að lesa! emmsjegauti@gmail.com

Plata Ég verð að skipa ykkur að hlusta á plötuna Bastard með Tyler The Creator. Hann er partur af OFWGKTA sem er klárlega svalasta hljómsveitin í dag. Farið á Youtube og leitid að YONKERS til að fá smakk af þessari snilli. Get samt ekki skilið Yelawolf útundan. Náið ykkur í mixteipið hans sem heitir Trunk Music 0 – 60.

Vefsíða Vol.is er algjör snilli! Síðan fjallar um allt það nýjasta í menningu, tisku, list, hönnun, tónlist, tækni og íþróttum. Algjör nauðsyn í nethingnum.

Staðurinn Prikið er annað heimilið mitt. Það er mega næsari að éta þar og drekka kaffi á daginn. Svo á kvöldin frá miðvikudegi til sunnudags eru ferskustu DJ'arnir með svakaleg partí í gangi. Prikið er WINNING.

NÝIR
OG SPENNANDI
RÉTTIR!

HOLLT OG GOTT!

Fljótlegir, hollir og ljúffengir mexíkóskir réttir fyrir fólk sem hugsar um heilsuna. Kíktu í heimsókn – þú hefur gott af því!

SERRANO.IS



6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI


serrano
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!



Vertu með
á **Akureyri 7.-10.**
apríl 2011!

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

REKINGAR / 111 / 11111111